

Rannsókn á heimildum um klaustur á Íslandi í Fornbréfasafni: Möðruvellir, Munkaþverá, Þykkvabæ, Kirkjubæ, Viðey og Skriðuklaustur

Gísli Kristjánsson

Nóvember 2014

Klausturskýrsla 2

- um Möðruvelli, Munkaþverá, Pykkvabæ, Kirkjubæ, Viðey og Skriðuklaustur.

Áhersla lögð á að finna allt um hús. Einnig um skipulag kirkjunnar og um kirkjugóssin.

Almennt virðist sem Hólabiskupsdæmi hafi verið betur skipulagt en Skálholtsstifti. Þetta sést best á bréfum frá því á 15. öld og síðar. Þar kemur fram föst virðingarröð embættismanna kirkjunnar. Biskup er efstur og síðan koma ábótar á Þingeyrum og Munkaþverá. Þar á eftir kemur prior á Möðruvöllum og svo stundum tveir offisialis – eða umboðsmenn biskups – í hvorum helmingi biskupsdæmisins. Skiptin voru um Öxnadalsheiði. (Sjá t.d. Fornbr. 4 bindi bls 661, 6. bindi bls. 220.) Ráðsmenn á Hólum og Reynistað þar á eftir og svo prestar.

Á þetta hefur verið bent í kirkjusögu. (Það þarf að fara vel yfir nýju Kirkjusöguna.) Hólabiskupar virðast hafa fylgt skipulagi kaþólsku kirkjunnar betur en Skálholtsbiskupar í það minnsta fram til þess að Stefán Jónsson kemur í Skálholt.

Þetta bendir til að frá því fyrir miðja 15. öld sé kominn mjög fastur strúktúr á stofnanir kirkjunnar í biskupsdæmi Hóla og að hann standi allt til siðaskipta. Gæti verið ein skýring þess að Jón Arason heldur svo lengi út sem kaþólskur biskup – auk þess að Jón studdist mjög við syni sína í valdabaráttunni.

Skálholtsbiskupsdæmi virkar sundurlaust. Klaustrin í Hólastifti dekkja allt biskupsdæmið en Skálholt er án klausturs fyrir austan þar til Stefán biskup stofnar Skriðuklaustur og ekkert klaustur varð til á Vestfjörðum sambærilegt við Helgafell. Stóru höfuðbólin fyrir vestan með verstöðvum sínum voru ekki klaustureignir. Vestra byggja höfðingjar upp sína lén og Guðmundur ríki á Reykhólum frægastur en einnig Skarðverjar og svo Bæjarmenn og Vatnsfirðingar.

Þingeyraklaustur átti jarðir nærri sér og reka á Ströndum og Skaga, Möðruvallaklaustur átti líka jarðir í nágrenni sínu en reka norður um Melrakkaslétu og á Tjörnesi. Einnig þetta bendir til að skipulagið hafi verið gott. Þarf að skoða betur hvort Reynistaður og Möðruvellir voru með sama skipulag á góssum sínum.

Biskup er – sýnist mér - oftar í klaustrunum á Möðruvöllum og á Reynistað (Ágústínusarkl.) en ekki í hinum klaustrunum í umdæminu: Munkaþverá og Þingeyrum. Þau hafa verið sjálfstæðari ef ekki beinlínis andstæði biskupi í stöku málum, sérstaklega Þingeyraklaustur þar sem klaustrinu er einu sinni lokað fyrir biskupi og einu sinni gengur ábóti á milli í deilum biskups og höfðingja.

Þarna kann að koma fram munurinn á stöðu Benediktsklaustra og Ágústínusarklaustra gagnvart biskupi. Biskup er yfir Reynistað og hefur þar ráðsmann. Möðruvellir er príorsklaustur með biskup sem yfirmann.

Möðruvellir í Hörgárdal

Klaustrið á Möðruvöllum virðist hafa verið eins og útibú frá Hólum. Þetta var príorsklaustur.

Einu sinni var það á kaþólskum tíma leigt út. Það var Jón biskup Vilhjálmsson sem veitti klaustrið eins og hvert annað lén til þriggja ára sínum «elskulegum syni» Jóni presti Bjarnasyni. Hann á að standa skil á öllum tekjum en halda prest, djákna og tvo bræður. (Fornbréf 4. bindi bls. 416-417.) Þarna er farið með klaustrið eins og hver annað lén. Biskup er léns herrann og Jón prestur lénsmaðurinn og greiðir herra sínum afgang.

Rekaskrá Möðruvalla sýnir að ítök eru víða í Þingeyjarsýslum en alltaf lítill hluti á móti Hólastað eða kirkju. Það er talað um áttunda part í hval og enn minni hlut ef flutningur er innifalinn í ítakinu. (Fornbréf 2. bindi bls. 310-314. Þetta er fyrir árið 1296, sbr Staðamál.)

Sigurðarregistur (1525) er í 9. bindi Fornbr. Bls. 316 og árfam. Sýnist sem klausturgóssið hafi lítið stækkað frá skránni 1296. Góssið hefur orðið til strax við stofnun með framlagi Hólabiskups.

Þetta hefur með ördum orðum verið lítið klaustur en er samt snemma ríkt af jörðum og ítökum og þar hefur verið töluvert safn bóka. (Reikningur Möðruvalla árið 1447 Fornbréf 4. bindi 710. Upptalning á bókum 1461 Fornbréf 5. bindi bls. 286-290.)

Húsakostur er aldrei nefndur nema í eina próventubrétinu. Þar fá hjón «litlu stofuna» til afnota nema þegar biskup er á staðnum. (Fornbréf 4. bindi bls 471.)

Þá eru í lénsreikningi frá 1570 talin upp fimm hús: Suðurskemma, Stórstofa (þar er meðal húsmuna könnustóll), Búr, Svalbarði, Stóri skáli og Ytri skemma.

(Fornbréf 15. bindi bls. 421). Þetta eru hús klaustursins og talin upp með innanstokksmunum og kistum. Fleiri hús kunna að hafa verið á staðnum. Engin peningshús eru nefnd.

Munkaþverárklaustur

Munkaþverá virðist ekki hafa verið mikið klaustur framan af en eflist svo. Árið 1375 selja munkarnir hluta úr jörð sem var próventugjöf «fyrir þröngvandi nauðsyn staðarins». Þetta orðalag hef ég ekki séð á ördum bréfum. (Fornbréf 3. bindi bls 296.) Klaustrið verður að selja hluta af góssi sínu vegna fátæktar ef marka má orð bræðra.

Reikningur fyrir Munkaþverá 1447 er í Fornbréf 4. bindi bls 710-712.

Jarðeignir Munkaþverár hafa ekki verið miklar samkvæmt skránni 1461 en rekar mjög víða. Bókakostur á skrá árið 1461 áberandi minni en það ár hjá Möðruvallabræðrum. Á Munkaþverá eru bara messusöngsbækur taldar en á Möðruvöllum margar sögubækur auk messusöngsbókanna, bæði latneskar og norrænar. (Fornbréf 5. bindi bls. 303-307.) Þessar skrár þarf að bera nákvæmlega saman.

Árið 1467 er gerður próventusamningur í «Skrúðhúsinu» á Munkaþverá. Kona lætur hálfu jörð upp í próventuna en verður að vinna við tóskap og bú. (Fornbréf 5. bindi bls. 471.)

Árið 1467 eru reikningar Einarstaðakirkju afhentir í «Skrúðhúsinu» á Munkaþverá. (Fornbréf 5. bindi bls. 449).

Árið 1478 er biskupi afhent jörð uppí sekt í «Skrúðhúsinu» á Munkaþverá. (Fornbréf 6. bindi bls 158.)

Skrúðhús bara nefnt sérstaklega á Munkaþverá.

Árið 1478, jarðargjöf í «Ábótastofunni» á Munkaþverá. Gottskálf biskup er þar. (Fornbréf 6. bindi bls. 162.)

Árið 1484. Einar ábóti gerir grein fyrir hve mikið góss klaustursins hefur aukist í hans tíð. Það eru tvö hundruð hundraða og sextíu að auki. Ef miðað er við stór hundruð eru þetta alls 300 hundraða. Auk þess skógarítök. (Fornbréf 6. bindi bls. 526.) Þetta bendir til að klaustrið hafi eflst mikið frá eftir árið 1461. 300 hundraða er stórt góss (mætti bera saman við önnur þekkt góss eins og hjá

Guðmundi ríka). 300 hundraða duga til að framfleyta 75 manns ef miðað er við 4 hundruð fyrir andlegrastéttar mann.

Árið 1488. Eiríkur prestur Eiríksson tekin til ábóta á Munkaþverár í 12 mánuði til reynslu. Eignast barn á reynslutímanum, eftir að hafa lofað að lifa siðlegu lífi, og fékk ekki embættið. Þarna er Ólafur Rögnvaldsson biskup. (Fornbréf 6. bindi bls. 633-634.)

Próventa árið 1489. Hjón í próventu. Hann á að smíða fyrir klaustrið og má byggja sér «smiðjuhús» á staðnum á eigin kostnað. Hún á að sauma eitt áklæði á ári meðan hún hefur heilsu til. Hann fær frí í mánuð á ári til að sinna eigin smíðum. (Fornbréf 6. bindi bls. 684-685.) Gott dæmi um að próventa og þjónustustörf blandast saman.

Árið 1591. Próventa Elínar Magnúsdóttur, móður Jóns Arasonar. Má hafa með sér kýr. Hún fær «fornu baðstofu fyrir framan stóru baðstofu fyrir sitt próventuhús». (Fornbréf 8. bindi bls. 686-687.)

Árið 1522. Biskupskjör. Jón Arason kjörinn. Kirkjunnar menn koma að kjörinu í þessari röð: Einar ábóti á Munkaþverá. Helgi Ábóti á Þingeyrum. Jón Finnbogason offisialis og svo margir prestar. Príor á Möðruvöllum ekki með. (Fornbréf 9. bindi bls. 109.)

Í 9. bindi bls. 305 – 312 er Sigurðarregistur frá 1525 fyrir Munkaþverá.

Árið 1535. Bréf um osttoll klausturs á Munkaþverá. Ekki að finna eldri heimildir um þennan tekjustofn. (Fornbréf 9. bindi bls. 733.) Var reynt að telja bændum trú um að þetta byggði á gamalli hefð?

Árið 1551. Bréf um það sem tekið var af dýrgripum úr Hóladómskirkju og klaustrunum á Munkaþverá, Möðruvöllum og Þingeyrum og sent konungi. (Fornbréf 12. bindi bls. 328-330.) Ekki sundurgreint hvað kom frá hverjum stað.

Kristjánur konungur III veitir Munkaþverá sínum manni 1546. (Fornbréf 11. bindi.) Árið 1551 er Tómas ábóti þar enn. (Fornbréf 12. bindi bls 195.) Ormi lögmanni Stullasyni er veitt klaustrið af konungi 1551. (Fornbréf 12. bindi bls 214.) Tónas Eiríksson ábóti á Munkaþverá sver Kristjáni III hollustueið 1551. (Fornbréf 12. bindi bls 267.) Ormur lögmaður gerir bréf í Munkaþverárklaustri haustið 1551. (Fornbréf 12. bindi bls. 336, 344 og 509.)

Þetta bendir til að Munkaþverárklaustur hafi lotið stjórn ábóta til hausts 1551.

Seinasti próventusamningur á Munkaþverá er frá 1567. Agnes Jónsdóttir. Má hafa með sér kýr. „...skal hún hafa þau 4 hús í klaustrinu sem henni áður hafa afhent verið“. Eldivið til baðstofu. (Fornbréf 15. bindi bls. 27-28.) Bendir til að Agnes hafi sest að í klausturhúsunum þar sem hún fær fjögur hús. Lénsmenn konungs bjuggu líka á Munkaþverá, t.d. Ormur Stullason.

Þykkvibær

Áberandi er að minna er til af skjölum frá Þykkvabæ en hinum stóru klaustrunum. Árni Magnússon talar enda um að skjöl klaustursins hafi fokið með stöplinum!

Máldagi klausturs í Þykkvabæ 1340. Klaustrið á 30 jarðir og auk þess ítök. Talað um Miklustofu, skála, Ábótastofu og matstofu bræðra. Tjöld um húsin. (Fornbréf 2. bindi bls 737-740.)

Árið 1496. Ótrúr þjónustumaður tekur eigur klaustursins, þar á meðal hesta og ríður þeim „norður í eyðijökla“ í eigin þarfir! Dæmi um mann í vinnu hjá klaustrinu og hann er ekki munkur. (Fornbréf 7. bindi 295-296.)

9. bindi Fornbréfa. Nokkur dæmi um að ábóti í Þykkvabæ sé í dómum fyrir biskup. Þetta er á 16. öld.

Máldagi klausturs í Þykkvabæ 1523. (Fornbréf 9. bindi bls. 189-192. Bera saman við máldaga 1340.) Engin hús eru nefnd. Klaustrið á 9 panzara og 4 járnhatta.

9. bindi bls. 474. Bréf um Sigvarð ábóta og andstöðu hans við biskup 1531. Afleysi prest sem var sekur um barneign. Meira í 11. bindi um deilur biskups og Sigvarðs. (bls 281).

Árið 1542. 6 munkar í Þykkvabæ að ábóta meðtöldum. (Fornbréf 11. bindi bls 186-187.)

Kirkjubæjarklaustur

Bréf frá Kirkjubæ tiltölulega fá, í það minnsta miðað við norðlensku klaustrin. Athuga þarf betur bréf um kristbú og sælubú í nágrenni klaustranna á Kirkjubæ og Þykkvabæ.

Árið 1218, máldagi er klaustrið var dæmt undir forræði biskups. Klaustrið á hundrað hundraða og tíu tugi hundraða – það er stórt hundrað og lítið hundrað =

220 hundruð. Fær afgjald af níu jörðum en virðist ekki eiga þær. 10 jarðir að öllu eða hálfu í eigu klaustursins (Fornbréf 1. bindi bls 392-395.) Þetta lítur út eins og fastur skattur til klaustursins en ekki tilgreint í hvaða vöru á að borga ólíkt osttollinum í Viðey. Dæmi um tekjur sem ekki koma beinlínis af jarðagóssi.

Árið 1343. Máldagi. Klaustrið á 17 jarðir – ekki allar þær sömu og árið 1218. Ítök í mörgum jörðum. Greitt í fríðu tvisvar á ári. (Fornbréf 2. bindi bls 780-783.) (Máldagi árið 1343 líka í 8. bindi Fornbréf. Þar líka taldar 17 jarðir. bls. 5-6.)

Árið 1397. Máldagi. Klaustrið á nú 25 jarðir auk þeirra þar sem ítök eru. (Fornbréf 3. bindi bls. 238 – 239.)

Árið 1491. Ráðsmaður ráðin að Kirkjubæ. Talið upp hvað hann á að gera. Skemmtileg upptalning á verkefnum ráðsmanns. „Hann skal hafa kaup og þjónustulaun.“ (Fornbréf 6. bindi bls. 766.)

Bréf árið 1540 frá Gissuri biskupi. Biður abbadís að fá vermanni sínum mat. „Ítem sendt mér frá Kirkjubæ hest og smjör á og eitt naut.“ Sýnir daglegt amstur kirkjunnar manna. (Fornbréf 10. Bindi bls. 562.)

Árið 1542 eru 7 nunnur í Kirkjubæ að abbadís meðtalinni. (Fornbréf 11. bindi bls 187.)

Viðey

Viðeyjarklaustur hafði osttoll af bændum og því annan tekjustofn en flest klaustrin. Spurning þó hvort þetta sé sambærilegt við tíund Þingeyraklausturs af tilteknu svæði og síðar kröfu um að ostollur tilheyrði Munkaþverárklaustri.

Þá á Kirkjubæjarklaustur rétt á afgjaldi af nokkrum fjölda jarða. Það hefur verið fastur tekjustofn utan eignarjarða klaustursins. Spurning hvort flokka á þessar tekjur sem „góss“ því þetta eru eignir þótt það séu ekki jarðeignir.

Töluvert er af skjölum tengdum Viðeyjarklaustri.

Árið 1226 og síðar. Máldagi Viðeyjarklausturs. Í Fornbréf er líka greinargerð fyrir klaustrum á Íslandi, 1. bindi bls. 483 og eftir það til 498. Þarna er fyrsti máldaginn 1226. Þá er svo að sjá sem Viðey eigi ekkert góss en gæti fengið það síðar: Þeir sem gefa klaustrinu missa allt forræði yfir gjöfum sínum.

Þarna er kirkja með altörum að norðan og sunnan og hefur þá snúið austur-vestur. Altörin alls helguð 12 dýrlingum. Prestar eiga að vera þrír og djáknar tveimur og kanokar sem verða vill. (Fornbréf 1. bindi bls. 489-490.)

Í framhaldi af þessu kemur svo bréf (bls 491-492) þar sem fram kemur að aðrar kirkjur megi ekki missa af sínum tekjum og því þurfi að samþykkja nýjan tekjustofn. Það er síðan osttollurinn, sem greiða á af hverjum bæ milli Reykjaness og Botnsár, og fyrir hann verður bænda minnst í öllum messum bræða. Þetta er ákveðið á Alþingi að ráði Magnúsar biskups og Snorra Sturlusonar. (Fornbréf 1. bindi bls. 496.)

Máldagi árið 1234 sýnir að klaustrið á 6 jarðir allar eða hálfar og ítök víða, selstöðu, veiði og hvalreka. (Fornbréf 1. bindi bls 507.)

Í 1. bindi bls 543 er bréfið um brauðið og vínið og synjun á undanþágu frá að nota það.

Árið 1380. Samið um 6 ára nám fyrir prestling í Viðey fyrir 20 hundruð. (Fornbréf 3. bindi bls 354.) Sami námskostnaður og var hjá Skriðuklaustri ef ég man rétt.

Árið 1395. Klaustrið í Viðey á nú yfir 30 jarðir. (Fornbréf 3. bindi bls. 597-598.) 16 af þessum fjöðrum koma í eigu klaustursins á tíma Páls ábóta. (Fornbréf 3. bindi bls. 498.)

Árið 1443. Góðsvin Skálholtsbiskup staðfestir öll réttindi Viðeyjarklausturs og sérstakelga osttollinn, sem Magnús biskup Gissurarson skipaði. Alvarleg áminning um að virða osttollinn. (Fornbréf 4. bindi bls. 647-649.)

Árið 1478. Maður kaupir leg í kirkjugarðinum í Viðey fyrir jörð. Sálumessa dugar ef hann deyr fyrir norðan. Þarf ekki að flytja líkið suður. (Fornbréf 6. bindi bls. 152-153.) Svo vill sonur mannsins ekki virða gjöfina. (Fornbréf 6. bindi bls. 388.)

Í 7. bindi Fornbréfasafns eru mörg Viðeyjarbréf, mest um jaðabrask og reka. Þetta er í tíð Stefáns biskups Jónassonar. Bréf gerð „heima í klaustrinu“ en hús þar ekki nefnd. Talað um „Viðey með Sundum“ og síðar „Viðey í Sundum“.

Árið 1518. Próventa. Próventukarl fær „sæng í skála og sess í baðstofu utan hann gjöri sjálfur hús með klaustursins tilhjálp“. (Fornbréf 8. bindi bls. 658.)

Árið 1516. Kaupbréf gert í „ábótastofunni“ í Viðey en varðar ekki klaustrið sjálft. (Fornbréf 8. bindi bls 583.) Dæmi um bréfagerð og ritstjörf.

Árið 1534. Maður gefur jörðina Arnarhól sér til sáluhjálpar því hann er krankur en ef „Guð gefur mér bata, heilsu og styrk“ þá heldur hann jörðinni. Bendir til trúar á mátt bænarrinnar og að bræður hafi sinnt sjúku fólki í það minnsta með bænum. (Fornbréf 9. bindi bls. 694.)

Árið 1527. Ágreiningur um bústað próventukonu. Ögmundur biskup úrskurðar að hún skuli hafa það „sama hús sem næst er fram fyrir kirkjuna“. (Fornbréf 9. bindi bls. 423.)

Í 10. bindi eru bréf um átökin um Viðey árið 1539. Bréf um að konungur leigir út klaustrið 1541. (bls 392.)

Árið 1542. Bréf konungs um latínuskóla í Viðey. (Fornbréf 11. bindi bls. 175.)

Árið 1553 upptalning á ýmsu sem er í Viðeyjarklaustri. Klæði og bréf klaustursins í tveimur kistum. Mikið af mat. 41 tunna af malti og 4 tonnur af humlum. 2 lestir og 1 hundrað af fiski. (Fornbréf 12. bindi bls. 153.)

Skriðuklaustur

Ég hef flett Fornbréfum um Skriðuklaustur aftur í leit að líkum atriðum og fyrir hin klaustrin.

7. bindi bls 309-310 er vígslubríf kirkjugarðsins. „...að þar sé heimamannagröftur og þeirra píligríma sem þar kunna að sýkjast og kristur kallar þar og sem þar kjósa sér leg.“ Píligrímar aftur nefndir síðar í bréfinu.

Í 7. Bindi eru líka gjafabréf Halldórs ríka (bls 355-357) og gjöf Sesselju (bls 485-487).

8. bindi bls 403. Píligrímsferðir sérstaklega nefndar í vígslubræfi kirkjugarðsins á Skriðu.

8. bindi bls 791. Kveðja frá Ögmundi biskupi 1521. Narfi á Helgafelli fyrstur, Árni í Þykkvabæ annar og Þorvarður á Skriðu þriðji. Þá offisialis og svo ráðsmaður í Skálholti, séra Helgi prestur þar og svo almennir prestar. Er þetta

virðingarröðin í biskupsdæminu? (Ábóti í Viðey ekki með, kannski vegna þess að Ögmundur var ábóti þar og nýr ekki kominn.)

9. bindi bls 677. Virðingarröð í Skálholtsbiskupsdæmi 1533. Ábótar fyrstir, príor á Skriðu næstur, þá officialis og svo prestar.

11. bindi bls 176. Konungsbréf um skólahald í klaustrum 1542.

11. bindi bls 186. 4 bræður á Skriðu 1542.

Rannsóknin var styrkt af Rannsóknasjóði Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.